



Fundargerð

324. fundur hreppsnefndar Reykólahrepps
fimmtudaginn 12. maí 2011, kl. 15:30

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykólum.

Mættir: Gústaf Jökull Ólafsson oddviti, Andrea Björnsdóttir, Sveinn Ragnarsson, Eiríkur Kristjánsson og Ásta Sjöfn Kristjánisdóttir. Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er 5 blaðsíður.

Oddviti setti fundinn, bauð fólk velkomið. Oddviti leitaði afbrigða að taka fyrsta mál á dagskrá fram fyrir fundargerðir og var það samþykkt. Þá leitaði hann afbrigða að taka 2 mál á dagskrá undir önnur mál og var það samþykkt. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Fundargerðir

1. 323. fundur hreppsnefndar 14. apríl 2011.

Farið yfir fundargerð. Fundargerð lögð fram og samþykkt samhljóða.

2. Skipulags- bygginga- húsnæðis- og hafnarnefnd 2. maí 2011.

Farið yfir fundargerð. Liður 1 samþykkur, liður 2 samþykktur, liður 3 samþykktur, liður 4 samþykktur, liður 5 samþykktur og liður 6 samþykktur. Fundargerð samþykkt samhljóða.

3. Skipulags- bygginga- húsnæðis- og hafnarnefnd 9. maí 2011.

Farið yfir fundargerð. Liður 1 samþykkur, liður 2 samþykktur, liður 3 samþykktur, liður 4 samþykktur með fyrirvara um að styrkur fáið í verkefnið, liður 5 samþykktur. Fundargerð samþykkt samhljóða.

4. Fundur í vinnuhópi um framtíð mótuneytanna í Reykólahreppi 13. apríl, 15. apríl, 2. maí og 6. maí 2011.

Fundargerðir lagðar fram. Jafnframt var sveitastjórn kynntar niðurstöður kannanna sem lagðar voru fyrir í Reykólahaskóla og í Barmahlíð. Hópurinn leggur til við sveitarstjórn að ekki verði farið breytingar á mótuneytunum að svo stöddu. Mikil ánægja er með mótuneytið í Barmahlíð. Hópurinn kom á framfæri tillögu við skólastjóra að Reykólahaskóli vinni stefnu í mótuneytismálum í samstarfi við starfsmenn mótuneytisins. Hagræðing felst í innkaupum og mun hópurinn vinna áfram við þróa og miðla lausnum til starfsmanna mótuneytanna.

5. Fundur í velferðarnefndar 2. maí 2011.

Samþykkt fyrir velferðarnefnd og verklagsreglur.

Fundargerðin lögð fram, samþykkt fyrir nefndina og verklagsreglur. Athugasemd var gerð við þriðju grein samþykktar, að orðalagið "leitast við að" skuli felld úr samþykktinni. Samþykkt samhljóða.

Mál til afgreiðslu:

1. **1104022 - Ársreikningur Reykhólahrepps fyrir árið 2010.**

Fyrri umræða.

Ársreikningur lagður fram til fyrri umræðu, sveitarstjórnarmenn skili inn athugasemdum skriflega fyrir næsta fund hreppsnefndar þar sem seinni umræða fer fram. Seinni umræða ráðgerð föstudaginn 20. maí n.k., þá mætir endurskoðandi hreppsins og fer yfir helstu liði.

2. **1104033 - Starfsmannamál, ráðning ritara.**

Sveitarstjóri tilkynnti að ráðin hafi verið Sigríður Birgisdóttir. Fjórir sóttu um starfið. Sigríður hefur lokið stúdentsprófi og hefur reynslu af skrifstofustörfum. Eins hefur hún lokið tölvu og skrifstofunámi. Sigríður hefur þegar hafið störf. Sveitarstjórn býður Sigríði velkomna til starfa hjá sveitarfélaginu.

3. **1105007 – Ný fjallskilareglugerð fyrir Vestfirði.**

Drög að reglugerð frá fjallskiladeildum í Ísafirði og Barðastrandasýslum dagsett 27. apríl 2011.

Drögin lögð fram. Sveitarstjórn fagnar samræmingu fjallskilareglugerða fyrir Vestfirði. Oddviti fór yfir þá vinnu fjallskilanefndar. Eiríkur Kristjánsson gerði athugasemd við lið 8 að útgáfa fjallskilaseðils skuli vera að sem mestu leiti rafrænn og að aðgangur að honum verði í gegnum heimasíður sveitarfélaganna.

4. **1105008 - Reglugerð um bann við dragnótaveiðum í fjörðum Vestfjarða.**

Drög að reglugerð frá sjávarútvegs og landbúnaðarráðuneytinu dagett 19. apríl 2011.

Drögin lögð fram. Sveitarfélagið veitir ekki umsókn, samþykkt samhljóða.

5. **1105009 - Árleg Álfasala SÁÁ 19. – 22. maí n.k. ósk um framlag.**

Erindi frá verkefnastjóra Álfasölnunnar 2011, dagsett í maí 2011.

Erindinu hafnað, samþykkt samhljóða.

6. **1104028 – Umsagnarbeiðni um mál 439, frumvarp til laga um uppbyggingu á Vestjarðarvegi (veglagning út með Þorskafríði um Teigskóg).**

Erindi frá samgöngunefnd Alþingis dagsett 14. apríl 2011.

Drög að umsögn lögð fram, umsögn samþykkt, sveitarstjóra falið að koma henni á framfæri.

7. **1105010 - Umsagnarbeiðni um mál 726, frumvarp til sveitarstjórnarlaga.**

Erindi frá samgöngunefnd Alþingis dagsett 15. apríl 2011.

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga varðandi umsagnir dagsett 18. apríl 2011.

Frumvarpið lagt fram, sveitarstjórnarmenn skili athugasemdum til sveitarstjóra fyrir 16. maí n.k. hafi þeir einhverjar, samþykkt samhljóða.

8. **1105011 - Umsagnarbeiðni um mál 720, frumvarp til laga um vatnalög og rannskóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.**

Erindi frá iðnaðarnefnd Alþingis dagsett 15. apríl 2011.

Sveitarstjórn skilar ekki umsögn, samþykkt samhljóða.

- 9. 1105012 - Umsagnarbeiðni um mál 661, frumvarp til laga um orlof.**
Erindi frá félags- og tryggingamálanefnd Alþingis dagsett 18. apríl 2011.
Sveitarstjórn skilar ekki umsögn um málið, samþykkt samhljóða.

Sveitarstjórn skilar ekki umsögn, samþykkt samhljóða.

- 10. 1105013 - Umsagnarbeiðni um mál 747, frumvarp til laga um grunnskóla.**
Erindi frá menningarmálanefnd Alþingis dagsett 26. apríl 2011.

Sveitarstjórn skilar ekki umsögn, samþykkt samhljóða.

- 11. 1105014 - Umsagnarbeiðni um mál 706, frumvarp til laga um nálgunarbann og brottvísun af heimili.**

Erindi frá allsherjarnefnd Alþingis dagsett 29. apríl 2011.

Sveitarstjórn skilar ekki umsögn, samþykkt samhljóða.

Til kynningar

- 12. 1105025 - Fundur um vegamál með sveitarstjórnnum Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps og samgöngunefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga í Bjarkalundi 10. maí 2011.**

Fulltrúar sveitarfélaganna komu saman á fundi í Bjarkarlundi til að ræða þá alvarlegu stöðu sem vegagerð um Vestfjarðarveg 60 er í. Fundargerð fundarins lögð fram.

- 13. 1105026 - Aðalfundur Þörungaverksmiðjunnar 18. maí 2011.**

Lagt fram.

- 14. 1105027 - Orkulindaráðstefna sveitarfélaga 13. maí 2011.**

Kynnt.

- 15. 1103020 – Breyting á lögum um vernd Breiðafjarðar.**
Minnisblað um málefnið frá sveitarfélögum við Breiðafjörð.

Lagt fram.

- 16. 1105015 - Kynnisferð sveitarstjórnarmanna til Brussel 5.- 9. júní n.k.**
Tilkynning frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dagsett 27. apríl 2011.

Kynnt.

- 17. 1105016 - Slysavarnir í höfnum, öryggisbúnaður í hafnir Reykhólahrepps.**
Úttekt frá Siglingastofnun dagsett 15. apríl 2011.

Úttekt lögð fram og vísað til umsagnar í skipulags- byggingar- hafnar- og húsnæðisnefnd.

- 18. 0812040 - Samstarfsverkefni um þjóðlendumál.**
Skýrsla og upplýsingar varðandi hnitsetningu landamerkja frá Búnaðarsamtökum Vesturlands dagsett 12. apríl 2011.

Skýrsla lögð fram og kynnt.

19. 1105017 - Vegur um Múlanes og Bæjarnes í Reykhólarheppi.

Erindi frá Átthagafélagi Múlahrepps dagsett 27. apríl 2011.

Kynnt.

20. 1101014 - Hreindýr á Vestfirði.

a) Ályktun aðalfundar Búnaðarfélags Reykhólahrepps varðandi flutning á hreindýrum til Vestfjarða.

b) Afrit af bréfi Búnaðarsamtaka Vesturlands til MAST, ályktun frá aðalfundi Búnaðarsambandsins varðandi flutning hreindýra til Vestfjarða dagsett 5. maí 2011.

Kynnt.

21. 1105018 - Förgun hræja og sláturúrgangs á starfssvæði Búnaðarsambands Vestfjarða.

Ályktun frá aðalfundi Búnaðarsambandsins dagsett 5. maí 2011.

Kynnt.

22. 1105019 - Sameining lögregluembætta á Vesturlandi og Vestfjörðum.

Ályktun frá aðalfundi Lögreglufélags Vesturlands.

Kynnt.

23. 1105020 - Efling atvinnu og byggðar á Vestfjörðum.

Fundargerð frá fyrsta samráðsfundi vegna tillagna ríkisstjórnar til eflingar atvinnu og byggðar á Vestfjörðum sem haldinn var 3. maí 2011.

Kynnt.

24. 1105021 - Fundargerð fundar stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga 3. maí 2011.

Fundargerð lögð fram.

25. 1105022 - Fundargerð fundar heilbrigðisnefndar Vestfjarða 8. apríl 2011 og starfsskýrsla Heilbrigðiseftirlits Vestfjarðarsvæðis 2009 – 2010.

Fundargerð og skýrsla lögð fram.

26. 1105023 - 118. fundur Breiðafjarðarnefndar.

Fundargerð lögð fram.

27. 1105024 - Fundargerð fundar Sambands íslenskra sveitarfélaga 29. apríl 2011.

Fundargerð lögð fram.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin.

1. 1105039 - Sorpsvæði á Reykhólum.

Erindi frá formanni umhverfisnefndar dagsett 10. maí 2011

Umhverfisdagur Reykhólahrepps er 28. maí n.k. Ásta Sjöfn gerði tillögu að hreinsun og gróðursetningu á sorpsvæði sveitarfélagsins á Reykhólum. Rætt var um lagfæringu á sorpsvæðum í Reykhólahreppi og flutning steypustöðvar. Tillaga Ástu samþykkt. Frekari hreinsun og framkvæmdir á svæðinu vísað í umhverfisnefnd.

2. 1105040 - Bókasafn í Reykhólaskóla.

Fyrirspurn frá Andreu Björnsdóttur.

Andrea vakti athygli á því að hillur í bókasafnið væru væntanlegar, ráða þyrfti starfsfólk í uppsetningu á safninu. Sveitarstjóra falið að ræða við fyrrum starfsmenn bókasafnsins.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 19.50

_____	_____
_____	_____
_____	_____